

1863

Fimmtudaginn 23. maí 1996.

Nr. 83/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

X

(Stefán Pálsson hrl.)

Kynferðisbrot. Sifjaspell. Börn. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. janúar 1996. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd og honum gert að greiða miskabætur ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, eins og tiltekið er í ákæruskjali.

Ákærði krefst þess, að refsing sín verði milduð og miskabætur lækkaðar frá því, sem ákvarðað var í héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að með atferli gagnvart ungri dóttur sinni á tímabilinu frá árinu 1990 til hausts 1994 hafi ákærði orðið sekur um samræði og önnur kynferðismök, er telja megí ígildi þess, þannig, að hvort tveggja varði við 1. mgr. 200. gr. og fyrri málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ásamt kynferðislegri áreitni, er varði við 2. mgr. 200. gr. og síðari málslíð 1. mgr. 202. gr., eins og greinum þessum var breytt með 8. og 10. gr. laga nr. 40/1992, er tóku gildi 10. júní 1992. Það atferli, sem framið var fyrir þetta tímamark og meta mátti sem samræði, varðaði þá við 1. mgr. 190. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, eins og í dóminum greinir, en að öðru leyti varðaði atferlið við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. laganna, sem önnur kynferðismök, og við 209. gr. þeirra.

Pegar brot ákærða eru virt í heild, þykja ekki efni til að breyta þeirri refsingu, sem honum var ákveðin í héraðsdómi, fjögurra ára fangelsi, sbr. 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Verður dómurinn staðfestur að þessu leyti svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Við ákvörðun skaðabóta úr hendi ákærða ber að taka tillit til skyldleika aðilanna ásamt því, að hann mun eftir sem áður bera framfærsluskyldur gagnvart dóttur sinni. Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og nú 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón á hún rétt til miskabóta. Brot ákærða voru alvarleg og til þess fallin að valda mikilli röskun á tilfinningalífi og högum telpunnar, sem vandi er úr að bæta. Í málinu liggur fyrir greinargerð félagsráðgjafa, sem veitt hefur telpunni aðstoð að undanfögnu, en ráðgjafinn starfar við barna- og unglingageðdeild Landspítalans og hefur menntun og reynslu á því sviði þessarar starfsgreinar, sem lýtur að meðferð á börnum. Virðist ýtarlegt álit hans mjög í samræmi við það, sem almennt megi vænta um afleiðingar brota af þessu tagi. Hins vegar liggur ekki fyrir að svo komnu, í hvaða mæli þær kunni að verða varanlegar fyrir telpuna eða hvort ráða megi bót á þeim. Með hliðsjón af þessu þykja miskabætur til telpunnar hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna, sem ákærða beri að greiða móður hennar með dráttarvöxtum frá uppsögudegi dóms þessa.

Jafnframt verður staðfest ákvæði héraðsdóms um kostnað vegna lögmannaðstoðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Ákærði, X, greiði A fyrir hönd B 1.000.000 króna í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögudegi dóms þessa til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 22. desember, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 983/1995: Ákærvaldið gegn X, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari, formaður dómsins, og héraðsdómararnir Ingibjörg Benediktsdóttir og Sigríður Ingvarsdóttir dæma málið.

Mál þetta, sem var dómtekið 27. nóvember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum á hendur X [...], Neskaupstað, f. [...] 1959, með ákæruskjali, út gefnu 3. október 1995 og birtu 9. október sl., fyrir kynferðisbrot með því að hafa öll sumur á árunum 1987 til 1993, á páskum í apríl 1994 og í síðasta sinn í september 1994 á heimili sínu að [...] og [...]. Neskaupstað, haft samræði eða önnur kynferðismök við dóttur sína, B, fædda 4. febrúar 1983, er hún var í heimsókn hjá honum, allt tímabilið káfað á kynfærum og brjóstum telpunnar, frá sumri 1991, þá á [...], og út tímabilið margsinis haft samræði eða önnur kynmök við telpuna bæði í leggöng og endaparm, í síðasta sinn í september 1994 í leggöng, á þessum tímabilum látið telpuna fara höndum um lim sinn og í nokkur skipti látið hana setja liminn í munninn og á páskum og í september 1994 sleikt kynfæri telpunnar.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 200. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 8. og 10. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Kolbrún Sævarsdóttir héraðsdómslögmaður gerir þá kröfu í málinu fyrir hönd A [...], Reykjavík, vegna ófjárráða dóttur sinnar, B, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur, að fjárhæð 4.000.000 kr., auk dráttarvaxta frá 5. júní 1995 til greiðsludags. Þá er gerð krafa um málskostnað, að fjárhæð 222.195 kr., með virðisaukaskatti.

Ákærði hefur gengist við sakargiftum að hluta.

Hinn 3. mars 1995 kærði barnaverndarnefnd Reykjavíkur til Rannsóknarlögreglu ríkisins ákærða í máli þessu fyrir það, sem hann er nú ákærður fyrir. Af því tilefni hófst lögreglurannsókn. Við rannsóknina kom m. a. eftirfarandi fram:

Ákærði og A voru í hjúskap og áttu saman tvö börn, dreng og stúlku, B, fædda árið 1983, en skildu árið 1984. Þau bjuggu þá í Reykjavík, og þar bjó A áfram með börnin. Ákærði fluttist til Neskaupstaðar 1986, og eftir það komu börnin í heimsókn til hans og dvöldust hjá honum, aðallega á sumrin.

— — —

Þegar þess er gætt, að telpan telur sig ekki muna eftir misnotkun ákærða á sér, fyrr en hún var orðin tíu ára, og að ekki er öðrum vitnum eða ótvíráðum gögnum til að dreifa, þykir gegn neitun ákærða ekki verða lagt til

grundvallar, að brot hans hafi hafist, fyrr en fram kemur í skýrslu hans fyrir dóminum, þ. e. árið 1990. Með framburði ákærða og vitna ásamt álitsgerð félagsráðgjafans þykir sannað, að ákærði hafi haft samræði og önnur kynmök við telpuna, látið hana fróa sér og sleikt kynfæri hennar, eins og greinir í ákæru.

Með atferli sínu þykir ákærði hafa orðið sekur um samræði, önnur kynmök og kynferðislega áreitni við barn sitt yngra en 16 ára. Jafnframt hefur hann gerst sekur um samræði, önnur kynmök og kynferðislega áreitni við barn yngra en 14 ára.

Brot ákærða, sem framin voru fyrir gildistöku laga nr. 40/1992 10. júní 1992, varða við ákvæði alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 óbreytt, 1. mgr. 190. gr. og 1. mgr. 200. gr. Samkvæmt fyrirmælum 2. gr. laganna ber að dæma um þessi brot eftir viðeigandi ákvæðum með þeim breytingum, sem þau hafa sætt með 8. og 10. gr. laga nr. 40/1992, en þess ber að gæta, að refsing verði ekki þyngri en orðið hefði eftir eldri lögum. Þau brot, er framin voru eftir gildistöku breytingalaganna, varða við þau ákvæði, sem greind eru í ákæru.

Ákærði hefur ekki sætt refsingum áður, sem máli skipta. Brot ákærða eru stórfelld og framin á löngu tímabili. Þau hafa haft alvarlegar afleiðingar, og er ekki enn séð fyrir enda þeirra. Ákærði hefur engar málsbætur. Samkvæmt þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fjögurra ára fangelsi. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð, 90.000 krónur, og málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Pálssonar hrl., 90.000 krónur.

Samkvæmt skýrslum félagsráðgjafans og framburði telpunnar þykir mega leggja til grundvallar, að vegna framferðis ákærða hafi hún orðið fyrir miska, sem lýsir sér í líkamlegri vanlíðan, ástæðulausum ótta, svefntruflunum, tilfinningakulda, sektarkennd, ótímabærri kynörvun með truflun á kynþroska, einbeitingarskort, ósjálfstæði og öryggisleysi og skerðingu á því trausti, sem hún á að geta borið til sinna nánustu og annarra, eins og nánar er lýst í álitsgerð félagsráðgjafans. Jafnframt má gera ráð fyrir, að enn eigi eftir að koma fram afleiðingar, sem meta má sem ófjárhagslegt tjón. Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 90/1993 þykir mega ákveða miskabætur til telpunnar af þessum sökum 2.000.000 krónur. Lögmaður gerði bótakröfu í málinu 5. maí 1995, flutti bótapáttinn við aðalmeðferð málsins og krafðist auk höfuðstóls dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 5. júní 1995 til greiðsludags og kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 25/1987 þykir bera að fallast á vaxtakröfu, en samkvæmt lokaákvæði greinarinnar þykir rétt, eins og hér stendur á, að ákveða, að vextir

reiknist frá dómsuppkvaðningu. Samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á, að bótakrefjandi eigi rétt á bótum vegna kostnaðar, sem hann hefur haft af lögmannsaðstoð. Þessar bætur þykja hæfilega ákveðnar 40.000 krónur, og er þá tekið tillit til virðisaukaskattsskyldu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjögur ár og greiði sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 90.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 90.000 krónur, og A f. h. B 2.000.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 22. desember 1995 til greiðsludags og 40.000 krónur vegna lögmannsaðstoðar.
